

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, hreppsnefnd Skeiðahrepps fyrir hönd hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hinriks A. Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 24/1961. **Davíð Ólafsson, Hannes Ólafsson, Steinunn Ólafsdóttir og Þóra Ólafsdóttir**

gegn

Guðmundi Ólafssyni, Jónínu Ólafsdóttur, Málfríði Ólafsdóttur og Helga Runólfssyni sem fjárhaldsmanni Bjarnar Á. Þorbjörnssonar og Ólafs Á. Þorbjörnssonar.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir **Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.**

Kærumál. Uppboðsskilmálar.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 13. febrúar 1961, sem Hæstarétti barst 16. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 7. febrúar 1961, og krafizt þess, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmála fyrir jörðina Hvítársvelli í Andakilshreppi frá 3. febrúar 1961 verði breytt þannig, að sá hluti af kaupverði jarðarinnar, er eigi greiðist, þá er boð er samþykkt, skuli greiða að fullu, þegar uppboðskaupandi tekur við umráðum jarðarinnar í fardögum 1961, en til vara, að nefndur hluti kaupverðsins greiðist á

næstu fjórum mánuðum eftir uppboðsdag. Loks krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Um skipti á dánarbúi Maríu Sæmundsdóttur mun fara eftir 4. kapitula laga nr. 3/1878. Var á skiptafundi 2. febrúar 1961 fjallað um uppboðsskilmála þá, sem í málinu greinir, sbr. 2. mgr. 50. gr. nefndra laga.

Með skirskotun til ástæðna þeirra, er í hinum kærða úrskurði greinir, og samkvæmt 27. sbr. 55. gr. laga nr. 3/1878 og 15. og 25. gr. laga nr. 57/1949 ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. febrúar 1961.

Á skiptafundi í dánarbúi Maríu Sæmundsdóttur, er haldinn var 16/12 1960, var ákveðið, að jarðeign búsins, Hvítárvellir í Andakílshreppi, skyldi seld á uppboði 4/3 1961. Uppboðsauglýsing var útgefin 2/1 1961 og birt í Lögbirtingablaðinu. Rétt eftir útgáfu auglýsingarinnar barst skiptaráðandanum bréf, dags. 5/1 1961, frá Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni Málfríðar Ólafsdóttur, erfingja að dánarbúinu, og Hauki Jónssyni héraðsdómslögmanni, umboðsmanni Guðmundar Ólafssonar, annars erfingja að dánarbúinu, þar sem þeir leggja til, að sett verði í uppboðsskilmála við sölu jarðarinnar ákvæði um, að greiðslufrestur verði veittur í allt að 3 ár á hluta af uppboðsandvirðinu. Telja þeir slíkt ákvæði nauðsynlegt, til þess að sannvirði fáið fyrir jörðina á uppboðinu.

Hinn 2/3 1961 var haldinn skiptafundur í dánarbúinu, og lagði skiptaráðandinn þar fram fyrrgreint bréf og uppkast að uppboðsskilmálum, þar sem gengið var til móts við tilmæli bréfitara.

Þó var ákvæði um greiðslufrest þannig hagað, að ljúka mætti skiptum búans á þessu vori. Leitaði hann eftir samkomulagi milli mættra erfingja og umboðsmanna þeirra um skilmálana, en eigi tókst að ná því.

Uppboðshaldari boðaði þá til þinghalds í uppboðsrétti 6/2 1961, og voru þar mættir allir erfingjar eða umboðsmenn þeirra. Lagði hann þar fram uppboðsskilmála, samhljóða uppkasti því, er lagt hafði verið fram í skiptaréttinum.

Þeir Ragnar Jónsson og Haukur Jónsson lýstu yfir því f. h. greindra umbjóðenda sinna, að þeir féllust á ákvæði 3. gr. uppboðsskilmálanna um fyrirkomulag á greiðslu uppboðsandvirðis jarðarinnar, og kröfðust þess, að skilmálarnir yrðu staðfestir með úrskurði réttarins. Sams konar yfirlýsingu gaf Haukur Jónsson f. h. Helga Runólfssonar, sem er fjárhaldsmaður erfingjanna Björns Á. og Ólafs Á. Þorbjörnssona í Borgarnesi, en þeir eru ófjárráða. Erfinginn Jónína Ólafsdóttir lýsti yfir því, að hún féllist á uppboðsskilmálana.

Þeir Þorvaldur Lúðvíksson héraðsdómslögmaður sem umboðsmaður erfingjanna Davíðs Ólafssonar og Þóru Ólafsdóttur og Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður sem umboðsmaður erfingjanna Hannesar Ólafssonar og Steinunnar Ólafsdóttur lýstu yfir því, að þeir mótmæltu því fyrir hönd umbjóðenda sinna, að nokkurt ákvæði yrði sett í uppboðsskilmálana, er heimilaði frest á greiðslu uppboðsandvirðisins fram yfir þann tíma, er afhending jarðarinnar fer fram. Kröfðust þeir þess, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmálanna yrði breytt á þann veg, að eftirstöðvar uppboðsandvirðis jarðarinnar verði greiddar að fullu, þegar er kaupandi tekur við umráðum hennar og fær afsal í fardögum 1961. Til vara kröfðust þeir þess, að sá hluti uppboðsandvirðis, er eigi er greiddur á uppboðsdegi, verði greiddur eigi síðar en 4 mánuðum frá þeim degi.

Ég lít svo á, að er ágreiningur kemur upp milli uppboðsbeiðenda um uppboðsskilmála, svo sem hér er um að ræða, verði uppboðshaldari að skera úr þeim ágreiningi með úrskurði.

Ástæðan til þess, að jörðin Hvítárvellir er boðin til sölu á opinberu uppboði, mun vera sú, að þrátt fyrir það að auglýst hefur verið eftir tilboðum í jörðina, hefur ekkert það verðtilboð borizt, er allir erfingjar hafa fallizt á, að tekið yrði. Þá hefur einn erfingjanna, Davíð Ólafsson, með tilboði og tilmælum á skiptafundum, óskað eftir að fá jörðina keypta, en eigi boðið svo hátt verð fyrir hana, að allir samerfingjar hans vildu samþykkja sölu til

hans. Er því sýnilegt, að erfingjarnir eru eigi sammála um sannvirði jarðarinnar og vilja fá úr því skorið með uppboðssölu, hvert það sé.

Ég tel því, að uppboðshaldara beri, er hann tekur ákvörðun um uppboðsskilmálana, að hafa það í huga, að í þeim séu engin þau ákvæði, er líklegt megi telja, að verði til þess, að eigi fáiast á uppboðinu boð í jörðina, er svari til sannvirðis hennar. Er því ríkari ástæða til að hafa þetta í huga, þar sem tveir erfingjar eru ófjárráða.

Það er vitað, að allmikill lánsfjáarskortur er nú á landi hér. Lánsstofnanir þær, er annast þarfir landbúnaðarins, lána að vísu árlega mikið fé, en samkvæmt lagafyrirmælum eru þau lán að mestu bundin við framkvæmdir í húsagerð og ræktun.

Ég hygg, að margur sá, er hug hefur á því að kaupa Hvítárvellina, muni leggja árar í bát, er hann á að greiða allt kaupverð jarðarinnar í fardögum í vor. Allt öðru máli mundi gegna, ef hann ætti, svo sem ráð er fyrir gert í uppboðsskilmálunum á rj.skj. 2, kost á 3 ára fresti til greiðslu verulegs hluta kaupverðsins. Mundi honum þá, ef hann ætti eign, er hann vildi selja til að afla sér fjár til greiðslu upp í kaupverðið, gefast ráðrúm til að koma þeirri sölu í kring.

Því verður eigi neitað, að það kann að vera nokkur bagi einhverjum erfingjanna að fá eigi allan arfahluta sinn úr dánarbúinu greiddan í næstu fardögum. Hins vegar verða skuldabréf þau, er ráðgert er, að erfingjarnir fái í sína arfahluti, til fremur skamms tíma, vel tryggð og bera allháa vexti, og mætti ætla, að þau væru seljanleg án hárra affalla, og að minnsta kosti eru þau vel veðhæf.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að eigi beri að taka til greina kröfur nokkurra erfingjanna um, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmálanna verði breytt á þann veg, að sá hluti uppboðsverðs jarðarinnar Hvítárvalla, er eigi verður greiddur á uppboðsdegi, verði eigi greiddur síðar en í fardögum 1961, er afhending jarðarinnar á að fara fram. Eigi ber heldur að taka til greina þá varakröfu, að greiðsla fyrrgreinds hluta uppboðsverðsins fari fram 4 mánuðum eftir uppboðsdag.

Því úrskurðast:

Skilmálar þeir við sölu jarðarinnar Hvítárvalla í Anda-
kílshreppi í Borgarfjarðarsýslu, eignar dánarbús Maríu

Sæmundsdóttur, á uppboði 4/3 1961, er lagðir hafa verið fram í uppboðsréttinum á réttarskjali 2, skulu óbreyttir standa.

Föstudaginn 10. marz 1961.

Nr. 123/1960. **Ákærvaldið** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
 gegn

Þóri Ásvaldi Roff (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, reyndust í blóði ákærða, sem honum var tekið kl. 0300 aðfaranótt 19. október 1958, „reducerandi efni, er samsvara 0,51‰ af alkóhóli“.

Samkvæmt álitserð Læknaráðs, sem lögð var fram í hæstaréttarmálinu nr. 161/1959, er talið, að „eðlileg“ reducerandi efni blóðs, er mælist sem áfengi án þess að vera það, nemi 0.03‰, og séu efni þessi „meiri í venublóði og meiri að kvöldi dags en endranær“.

Þegar litið er til þessara læknisfræðilegu gagna, verður ekki við það miðað, að áfengismagn í blóði ákærða hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem eigi er samkvæmt öðrum gögnum leitt í ljós, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis við akstur þann, er mál þetta er af risið, þá verður honum dæmd sýkna af kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.